

Námsáætlun myndmennt

Kennari: Jónína Margrét Sævarsdóttir

Megintilgangur með námi í list- og verkgreinum er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkunnáttu, sköpunargleði, samhæfingu hugar, hjarta og handa og mörgum öðrum ólíkum tjáningarleiðum. Með náminu fá nemendur tækifæri til að skapa hluti í handverki, vinna með tákni, tóna, matarmenningu og líkama. Skapandi starf gefur nemendum tækifæri til að virkja og efla ímyndunaraflið, þjálfast í að leita lausna og taka ákvarðanir þar sem þeir vega og meta mismunandi valkosti og sjá afrakstur af vali sínu. Í skapandi starfi og lausnaleit getur nemandinn haft áhrif á umhverfið og tekið þátt í að móta menninguna. Listir og verkþekking myndar stóran og fjölbreyttan atvinnuvettvang og því er mikilvægt að nemendur nái að tengja námið við þessa atvinnumöguleika. Námið í list- og verkgreinum getur því hjálpað nemendum að gera sér grein fyrir hvar áhugi þeirra liggur og átta sig á atvinnu- og námstækifærum innan starfs- og listnáms. List- og verkgreinar skiptast í tónmennt, sjónlistir og sviðslistir. **Undir verkgreinar heyra hönnun og smíði, textílmennt og heimilisfræði.**

Kenndar eru 2 kennslustundir á viku, hálf t skólaárið.

Viðfangsefni	Hæfniviðmið Að nemandi geti:	Námsefni	Námsmat
Möppugerð	-sýnt frumkvæði og sköpun		leiðsagnarmat
Uppstilling Málverk Listasaga	- greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni við myndsköpun	frá kennara	leiðsagnarmat
Hlutfalla teikning Þrívíddarteikning	-valið á milli mismunandi aðferða við sköpun - tengt myndverk við reynslu, nærumhverfi og fagurfræði.	frá kennara	leiðsagnarmat
Þrívítt myndverk unnið út frá eigin hlutfallateikningu	-sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki - túlkað listaverk og hönnun með tilvísun í eigin reynslu -beytt fjölbreyttum aðferðum sem fela í sér samþættingu listgreina	frá kennara	leiðsagnarmat